



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

**Haustfundur skólaráðs Skóla Ísaks Jónssonar
4. október 2023 kl. 08:40 á skrifstofa skólastýru.**

Mættar eru: Aldís Geirdal, Erna Dís Gunnarsdóttir, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Þóra Elisabet Kjeld

Dagskrá:

1. Skólaárið 2023-2024

1. Fundartími

Ákveðið að funda alla jafna klukkan 08:40 en reyna að sleppa því að funda á föstudögum.

2. Dagskrá vetrarins

1. Forvarnarmálin

Foreldraráð hefur byrjað á vinnu í samvinnu við forvarnarteymi. Fengum Skúla Braga Geirdal í lið með okkur. Hann ætlar að vinna aðeins með 9 ára bekkjum vegna forvarna og verða símar og tölvur þar í aðalhlutverki. Við viljum halda áfram að sinna þessum málaflokki.

2. Skólalóðin

Það er mikilvægt að vinna betur með skólalóðina. Gengur ekki að hún sé að mestum hluta malbik. Sigríður Anna hefur verið í samtali við arkitekt vegna lóðar og útkoman á að koma í ljós bráðlega. Umræða um rólur sem hafa lengi verið á óskalista nemenda.

3. Umferðarmenning

Rætt um erindi Hörpu sem situr í Skólaráði sem grenndarfulltrúi. Harpa hefur lagt áherslu á að við tökum á þeirri umferðarmenningu sem hefur skapast við og í kringum skólann. Góðar umræður um hvernig hægt er að koma á jákvæðum breytingum.

4. Lög um grunnskóla

Í 13 .gr. laga um grunnskóla segir eftirfarandi: „Nemendur eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá. Taka skal tillit til sjónarmiða þeirra eins og unnt er.“



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

Hvernig mætum við þessum réttindum í Skóla Ísaks Jónssonar?
(Ekki náðist að fjalla um þennan lið).

5. Starfsáætlun 2023

Starfsáætlun 2023 kynnt fyrir skólaráði og farið yfir helstu atriði hennar

2. Framkvæmdir

Sigríður Anna fór yfir helstu framkvæmdir við skólann. Í burðarliðnum að laga skrifstofu skólastjóra og svo er verið að skoða framkvæmdir á gamla gang enda kominn tími á endurbætur.

3. Önnur mál

Lítillaga rætt um persónuvernd.

Fundi slitið kl. 9:40